

Ed.

58. Frumvarp til lánsfjárlaga

[55. mál]

fyrir árið 1982.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

I KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 604 970 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 152 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 404 560 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og til annarra framkvæmda.

4. gr.

Iðnrekstrarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 10 000 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til endurlána til athugunar á sviði orkufreks iðnaðar.

5. gr.

Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að 15 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 39 500 þús. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

7. gr.

Heimilda er leitað til lántöku vegna hitaveituf framkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 75 300 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 18 300 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Suðurnesja, lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 14 100 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1982 að fjárhæð 7 600 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að fjárhæð 25 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1982 að fjárhæð 144 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður mun jafnframt

annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem tilgreindir eru í 4., 5., 6., 7. og 8. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður. Þó skal jafnan liggja fyrir umsögn samkvæmt ákvæði 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 um að hitaveitan verði þjóðhagslega hagkvæm áður en lán til hitaveituframkvæmda eru veitt.

II KAFLI

11. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Bygðasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 52 500 þús. kr. Að auki er Bygðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 50 000 þús. kr.

12. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1982 eigi fara fram úr 15 160 þús. kr.

13. gr.

Prátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1982 eigi fara fram úr 25 960 þús. kr.

14. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 12 170 þús. kr.

15. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 og 2. og 3. tl. 9. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins, skal heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1982 eigi fara fram úr 57 200 þús. kr.

16. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 37. gr. laga nr. 51/1980 um Húsnæðisstofnun ríkisins skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna eigi fara fram úr 111 314 þús. kr. á árinu 1982.

17. gr.

Prátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 410 þús. kr.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjár sjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1982 eigi fara fram úr 9 000 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1982 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 900 þús. kr.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta, sbr. 2. gr. laga nr. 59/1980, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 26 730 þús. kr. á árinu 1982.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 4 245 þús. kr.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi fara fram úr 4 145 þús. kr. á árinu 1982.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna eigi fara fram úr 3 000 þús. kr. af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs að viðbættum 330 þús. kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði a-liðar 5. gr. laga nr. 54/1980 um Iðnrekstrarsjóð skal framlag ríkissjóðs til Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1982 eigi fara fram úr 10 000 þús. kr.

III KAFLI

25. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og enn fremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal fjármálaráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd Alþingis áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggja fyrir.

26. gr.

1. mgr. 29. gr. laga nr. 13/1981 orðist svo:

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af lánum ríkissjóðs og ennfremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

27. gr.

6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981 orðist svo:

Þá er ríkisstjórninni á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni.

28. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 er nemi allt að 42 m. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1982 auk heimildar til Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga. Í frumvarpinu eru breytingar á lögum fjárfestingarsjóða og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1982. Að síðustu ber að nefna að leitað er heimildar til viðbótarlántöku vegna ársins 1981.

Um 1. og 2. gr.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 kemur fram að heildarlánsfjárþörf A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 1 135 970 þús. kr. Nú er ráðgert að afla 40 000 þús. kr. með sérstöku stofnlínugjaldi og kemur sú upphæð til lækkunar á heildarlánsfjárþörf. Í 6. gr. frumvarps til fjárlaga er leitað heimildar til 150 000 þús. kr. útgáfu spariskírteina og happdrættislána. Hér er leitað heimildar til 152 000 þús. kr. lántöku innanlands hjá lífeyrissjóðum og innlánsstofnunum. Ennfremur er gert ráð fyrir að innheimta af endurlánuðum spariskírteinum umfram innlausn eldri skírteina nemi 107 000 þús. kr.

Erlendar lántökur vegna A- og B-hluta nema alls 695 970 þús. kr. Hér er leitað heimildar til lántöku alls 604 970 þús. kr. en heimild er í sérlægum til þeirrar lántöku er á vantar. Hér er um að ræða lög nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma og lög nr. 60/1981 um raforkuver. Samkvæmt þessum lögum eru heimildir til lántöku alls 91 000 þús. kr.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um málefni Landsvirkjunar. Á árinu 1982 er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Hrauneyjafoss. Unnið verður að stíflugerð við ármót Þjórsár og Tungnaár en þær framkvæmdir miða að því að auka orkuvinnslugetu Búrfellsvirkjunar. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við svonefnda Kvislaveitu til að auka miðlunarrými Þórisvatns. Til framkvæmda er áformuð lántaka, alls 404 560 þús. kr., og auk þess nemur eiginfjárframlag ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar 10 440 þús. kr.

Um 4. gr.

Unnið er að athugun og undirbúningi á ýmsum framkvæmdum á sviði orkufreks iðnaðar. Gert er ráð fyrir að Iðnrekstrarsjóður afli 10 000 þús. kr. lánsfjár og endurláni síðan til áframhaldandi athugana á þessu sviði.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 6. gr.

Alls nemur lántaka til Orkubús Vestfjarða 39 500 þús. kr. Til ýmissa raforkuverkefna er ráðgerð 20 000 þús. kr. lántaka og til framkvæmda við fjarvarmaveitur er ráðgert að afla 19 500 þús. kr. lánsfjár. Framkvæmdir við fjarvarmaveitur hafa staðið yfir á eftirtöldum stöðum: Ísafirði, Hnífsdal, Bolungarvík og Patreksfirði. Lánsfénu verður í höfuðdráttum varið til áframhaldandi framkvæmda á þessum stöðum.

Um 7. gr.

Erlend lánsfjáröflun til hitaveitna nemur alls 115 300 þús. kr. og eru þá framkvæmdir og lánsfjáröflun til Orkubús Vestfjarða frátalin. Auk þess er gert ráð fyrir framlengingu erlendra lána að fjárhæð 250 800 þús. kr. Á síðustu árum hafa stærri hitaveiturnar fjármagnað framkvæmdir í verulegum mæli með lánnum til skamms tíma í von um að erlendir lánsfjármarkaðir verði hagstæðari en verið hefur.

Um 8. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands nemur á árinu 1982 alls 164 000 þús. kr. Af þessari fjárhæð eru 144 000 þús. kr. ætlaðar til endurlána til fjárfestingarlánasjóða en auk þess hefur Framkvæmdasjóður tekið að sér meðalgöngu um útvegum 20 000 þús. kr. lánsfjár til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna greiðslu útflutningsuppbóta verðlagsársins 1980/1981.

Um 10. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 11.—24. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1982 um skerðingu lögboðinna framlaga er nauðsynlegt að tilteknum lögum verði breytt.

Um 25. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánnum til nægilega langs tíma, miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Óhagstæð erlend lán hafa m. a. leitt til þess að endurlán innlendra lánastofnana hafa verið til þess að gera skamms tíma. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma. Rétt þykir að fjármálaráðherra geti í samráði við fjárveitinganefnd tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er nú veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána.

Um 26. gr.

Í athugasemdum við frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 eru ákvæði 27. gr. frumvarpsins skýrð á þann veg að verið sé að afla heimilda til að taka lán er samsvari afborgunum af lánnum vegna framkvæmda við Kröfluvirkjun og við byggðalínur, sbr. framsetningu fjárlaga. Í meðferð fjárlagafrumvarps og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 var ákveðið að breyta lánsamningum varðandi afborganir óháð því hvort lánin væru innlend eða erlend. Eigi hefur verið gætt að fella orðalag 27. gr. frumvarpsins er varð 29. gr. lánsfjárlaganna að þessu markmiði. Úr þessu er nú bætt.

Um 27. gr.

Jafnan hefur verið áhersla á það lögð að hafa heimildir til lántöku erlendis ótvíræðar. Heimild 6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981 er um lántöku allt að 50 m. kr. Ekki er tekið þar fram berum orðum að heimildin nái einnig til jafnvirðis þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þótt ætla megi svo af samhengi við aðrar málsgreinar 2. gr. Orðalag það sem hér er lagt til að notað verði er án tvímæla.

Um 28. gr.

Í greininni er leitað eftir heimildum til að taka lán að fjárhæð 42 m. kr. Af þeirri fjárhæð var fjallað um 16 m. kr. við gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 en nauðsynlegra formsatriða hefur ekki verið gætt til að af þeim lántökum gæti orðið. Til ýmissa verkefna er brýnt þykir að sinna á þessu ári vantar hins vegar 26 m. kr. umfram þær áætlanir er fjallað var um við gerð lánsfjárlaga.

Í lánsfjáráætlun voru 52 100 þús. kr. áætlaðar til byggðalína en samkvæmt nýjustu endurskoðun er gert ráð fyrir að kostnaður á árinu nemi samtals 63 167 þús. kr. Umframkostnaður, sem rekja má til Suð-austurlínu, er 11 067 þús. kr.

Holur 16, 17 og 18 við Kröflu verða tengdar nú á haust- og vetrarmánuðum. Áætlað er að framkvæmdir þessar hafi aukakostnað í för með sér að upphæð 5,2 m. kr. og muni 3,0 m. kr. af þeirri fjárhæð þurfa að koma til greiðslu á árinu 1981.

Orkubú Vestfjarða skortir rekstrarfé. Sem kunnugt er komst Vesturlínan mun seinna í gagnid en við var miðað þegar Orkubúið komst á laggirnar. Framleiðsla raforku með dísilvélum varð því miklu dýrari en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum Orkubúsins. Myndaðist þar af leiðandi rekstrarhalli á fyrstu starfsárunum.

Orkubúið hefur leitað eftir láni að upphæð 5,6 m. kr. til allt að 5 ára til að bæta úr rekstrarfjáskorti og þá jafnframt að gera upp þær skuldir sem Orkubúið er nú í við Rafmagnsveitur ríkisins.

Við samningu lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 voru fjármál ýmissa hitaveitna og rafmagnsveitna sérstaklega athuguð. Var þá talið að unnt væri að framlengja ýmis lán og breyta lánskjörum þannig að eigi þyrfti að afla sérstakra lagaheimilda til að greiða úr fjárhagsvandnum. Komid hefur í ljós að þessi leið var aðeins fær að takmörkuðu leyti þar sem ýmsar skuldir veitnanna voru við aðra en endurlánareikning ríkissjóðs. Fjárhæð sem er 8 m. kr. er því ætluð í lán til veitna. Hér er ekki um að ræða aukningu á lántökum veitna heldur skuldþreyingar.

Í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1981 er heimild til að fjármagna tímabundið byggingu Listasafns Íslands meðan verið sé að selja erfðahlut safnsins úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar. Nokkur óvissa er um hvenær búið verður að selja eignir þær er mynda erfðahlut safnsins og líklegt að nokkur ár líði þar til allt það fé verði til ráðstöfunar. Þeir samningar sem gerðir hafa verið við verktaka um byggingu safnhússins gera ráð fyrir greiðslum úr Byggingarsjóði Listasafns Íslands er nema 4 m. kr. á þessu ári.

Lagmetisðnaðurinn hefur átt við rekstrarerfiðleika að etja að undanförunu. Siglósíld, sem er ríkiseign, hefur mætt þessum erfiðleikum með fjárfestingu til hagræðingar í rekstri. Til að mæta fjárfestingarkostnaði og skuldasöfnun seinustu ára hefur ríkissjóður aukið eigið fé

fyrirtækisins með fjárveitingum og einnig aflað því lánsfjár. Hér er gert ráð fyrir 2,4 m. kr. láni úr endurlánareikningi ríkissjóðs.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er gerð grein fyrir lántökum að upphæð 297,6 m. kr. Við breytingar sem gerðar voru á frumvarpinu til lánsfjálaga hefur fallið niður 7,9 m. kr. upphæð. Hér er því ekki um að ræða lántöku umfram lánsfjáráætlun 1981 heldur nauðsynlega samræmingu áætlunar og lántöku.